

Fundur skólaráðs 26.apríl 2017 kl. 15:30

Mættir voru: Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri, Valdís Kristinsdóttir og María Eir Magnúsdóttir fulltrúi kennara, Birgitta Friðfinnsdóttir fulltrúi starfsmanna, Krístrún Ingadóttir og Guðrún María Brynjólfsdóttir fulltrúar foreldrafélags, Ólöf Rún Óladóttir fulltrúi 10.bekkjar og Vignir Pálsson fulltrúi 9.bekkjar. Guðbjörg Sveinsdóttir ritaði fundargerð. Dagskrá:

- 1) Starfsmannamál
Í starfsmannasamtölum kom fram almenn ánægja starfsfólks. Auglýst var eftir kennurum og sóttu fimm grunnskólakennarar um, auk þess sem allir þeir sem hafa verið við störf en eru ekki með fullgild réttindi sóttu um. Halldóra Magnúsdóttir skólastjóri og Bryndís Garðarsdóttir deildastjóri hafa ákveðið að hætta störfum 31.júlí n.k.
- 2) Skóladagatal
Rætt m.a. um árshátíðir skólastiganna.
- 3) Skólapúlsinn – foreldrakönnun
Halldóra fór yfir helstu niðurstöður könnunar frá þessu skólaári en margir þættir eru á uppleið og er það ánægjulegt. Mikilvægt er að halda aftur skólaþing núna til að kynna helstu niðurstöður og ræða hvað við getum gert næst. Nú er mikilvægt að halda áfram og vinna enn meira með foreldrum. Æskilegt að halda slíkt þing núna í maí.
- 4) Niðurstöður samræmdra prófa
Halldóra kynnti helstu niðurstöður samræmdra prófa í 9. og 10.bekk
- 5) Torontoferðin
Ákveðið að setja fréttir um hvern skóla sem við heimsóttum inn á heimasíðuna
- 6) Önnur mál

Fundi slitið kl. 17:05